

## Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórn mála ega réttindi

(Óopinber útdráttur)

Þessi samningur var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 16. desember 1966 og öðlast gildi 23. mars 1976. Í byrjun árs 2009 hafði samningurinn verið fullgiltur í 164 ríkjum.

Í samningnum er nánar kveðið á um hin borgaralegu og stjórn mála ega réttindi sem sett eru fram í Mannréttindafyrirsögu Sameinuðu þjóðanna.

Í 1. grein samningsins skuldbinda ríki sig til að stuðla að viðurkenningu á sjálfsákvörðunar- rétti og að virða þann rétt. Einnig er kveðið á um að allar þjóðir megi, í sínu eigin markmiði, ráðstafa óhindrað náttúruauðæfum og auðlindum sínum.

### Meðal réttinda einstaklingsins sem samningurinn kveður á um eru:

#### 2. grein

Réttur einstaklings til lagalegra úr- bóta þegar brotið hefur verið á hon- um, enda þótt skerðingin hafi verið framin af mönnum sem fara með stjórnvald.

#### 3. grein

Jafn réttur til handa kórlum og kon- um til þess að njóta borgaralegra og stjórn mála ega réttinda sinna.

#### 6. grein

Rétturinn til lífs.

#### 7. grein

Rétturinn til frelsis frá ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

#### 8. grein

Frelsi frá því að vera haldið í þræl- dómi og nauðungarvinnu.

#### 9. grein

Rétturinn til frelsis og mannhelgi og að þurfa ekki að sæta handtöku eða annarri frelsisskerðingu að geð- þótta.

#### 11. grein

Rétturinn til að þurfa ekki að sæta fangavist vegna skuldar.

#### 12. grein

Rétturinn til umferðarfrelsis.

#### 14. grein

Rétturinn til jafnréttis fyrir dóm- stólum; rétturinn til að vera talinn saklaus þar til sekt hefur verið sönn- uð og njóta réttlátrar og opinberrar rannsóknar fyrir óhlutdrægum dóm- stóli.

#### 16. grein

Rétturinn til þess að vera við- urkenndur sem aðili að lögum.

#### 17. grein

Rétturinn til einkalífs og lagaverndar ef brotið er gegn honum.

Samningurinn er lagalega bindandi. Mannréttindaneftin, sem stofnuð er skv. 28. grein, fylgist með framkvæmd hans.

## Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi

(Óopinber útdráttur)

Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (1966) mynd- ar ásamt Mannréttindafyrirsögu Sameinuðu þjóðanna (1948) og Alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórn mála ega réttindi (1966) hina svonefndu Alþjóðlegu réttindaskrá. Í samræmi við Mannréttindafyrirsögu Sameinuðu þjóðanna viðurkenna samningarnir að „... sú hugsjón að menn séu frjálsir og njóti borgaralegs og stjórn mála ega frelsis, séu óttalausir og þurfi ekki að líða skort, ræstist því aðeins að sköpuð verði skilyrði til þess að allir geti notið borgaralegra og stjórn mála ega réttinda, jafnt sem efnahagslega, félagslega og menningarlega réttinda.“

Í lok árs 2008 hafði samningurinn verið fullgiltur af 160 ríkjum.

#### 1. grein

Allar þjóðir hafa sjálfsákvörðunar- rétt. Vegna þessa réttar ákveða þær frjálst stjórn mála ega aðstæður sínar og framfylgja frjálst efnahags- legri, félagslegri og menningarlegri þróun sinni.

#### 2. grein

Hvert aðildarríki mun gera allt sem í þess valdi stendur til að þau rétt- indi sem kveðið er á um í þessum samningi komist í framkvæmd í áföngum. Allir skulu njóta sömu réttinda án manngreinarálits.

#### 3. grein

Aðildarríkin munu tryggja jafnan rétt karla og kvenna til að njóta allra réttinda sem kveðið er á um í þessum samningi.

#### 4. grein

Þessi réttindi geta aðeins verið háð takmörkunum ef slíkt liggur í hlut- arins eðli og eingöngu í þeim til- gangi að stuðla að velferð almenn- ings í lýðfrjálsu þjóðfélagi.

#### 5. grein

Enginn einstaklingur, hópur eða rík- isstjórn hefur rétt til að gera þessi réttindi að engu.

#### 6. grein

Allir menn hafa rétt til að stunda vinnu, þar með talinn rétt til að vinna fyrir sér í starfi sem þeir taka að sér af frjálsum vilja.

#### 7. grein

Hver maður á rétt á sanngjörnum vinnuskilyrðum; réttlátum launum sem tryggja honum og fjölskyldu hans sómasamega lífsafkomu; sömu launum fyrir sömu vinnu; ör- yggi við störf og heilsusamlegum vinnuskilyrðum; sömu möguleikum og allir aðrir á stöðuhækkun; hvíld og fríttundum.

#### 8. grein

Hver maður hefur rétt til að stofna stéttarfélag og ganga í þau, svo og verkfallsrétt.

#### 9. grein

Allir eiga rétt á að njóta félagslegs ör- yggis, þar á meðal almannatrygginga.

#### 10. grein

Fjölskyldan skal njóta verndar og aðstoðar. Eigi má hjúskap binda, nema bæði hjónaefnin samþykki fúsum vilja. Mæður skulu njóta sérstakrar verndar. Gera skal sér- stakar ráðstafanir fyrir hönd barna, án manngreinarálits. Vernda skal börn og ungmenni gegn efnahags- legri misnotkun. Banna skal að þau starfi við hættulegar eða skaðlegar aðstæður. Banna skal að börn undir tilteknum aldri stundi vinnu.

#### 11. grein

Hver maður á kröfu til viðunandi lífsafkomu fyrir hann sjálfan og fjöl- skyldu hans, þar á meðal viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis. Allir eiga rétt á að vera lausir við hungur.

#### 12. grein

Allir eiga rétt á að njóta góðrar lík- amlegrar og andlegrar heilsu eftir því sem framast er unnt.

#### 13. grein

Hver maður á rétt til menntunar. Grunnskólamenntun skal vera skyldubundin og öllum að kostn- aðarlausu.

#### 14. grein

Í þeim aðildarríkjum þar sem skyldu- bundið grunnskólanám án kostnaðar stendur ekki öllum til boða skal gerð áætlun um slíkt nám.

#### 15. grein

Hverjum manni ber réttur til þess að taka þátt í menningarlífi, og njóta framfara á sviði vísinda.

Heimild: Mannréttindaskrifstofan í Minnesota, byggt á UN Centre on Human Rights, The International Bill of Rights, Fact Sheet nr. 2.